



LEB

Landssamband eldri borgara

376. – Stjórnarfundur LEB 3. nóvember 2023

Kl. 9.30 – fjarfundur

Mættir:

Aðalstjórn: Helgi Pétursson, Drífa Sigfúsdóttir, Sigrún C. Halldórsdóttir og Ingibjörg H. Sverrisdóttir

Varastjórn: Ásgerður Pálsdóttir

Þorbjörn Guðmundsson stjórnarmaður, Jónas Sigurðsson og Magnús Jóhannes Magnússon varamenn boðuðu allir forföll.

Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB sat fundinn og skrifaði fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar, 9. október, borin upp

Samþykkt

2. Fundur NSK – Norræn félög eldri borgara

Drífa varaformaður sótti haustfundinn sem haldinn var í Osló að þessu sinni og sagði hún frá því helsta sem rætt var.

Á fundinum hélt hún fyrirlestur um öldungaráðin á Íslandi sem voru til umæðu á fundinum. Þá var einnig rætt um fyrirkomulag tannlækninga fyrir eldra fólk í löndunum og aðra heilbrigðisþjónustu, íbúðakjarna o.fl.
Næsti fundur, vorfundurinn, verður haldinn í Finnlandi.

Fundarmenn báru saman bækur sínar um reynslu sína af öldungaráðum og augljóst að mikill munur er á milli sveitarfélaga hvernig framkvæmd er háttað.

Drífa leggur til að birt verði grein um öldungaráð í næsta LEB blaði, en skemmst er að minnast að á síðasta landsfundi LEB, 9. maí sl. Hélt María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, erindi um öldungaráð sem vakti mikla athygli landsfundarfulltrúa.

3. Fundur með fjárlaganefnd og umsögn LEB um fjárlagafrumvarpið og fleiri kjaramál

Helgi formaður, ásamt Þorbirni formanni kjaranefndar LEB og Þórólfi Matthíassyni prófessor sendu inn umsögn um frumvarp til fjárlaga 2024.

Þeir voru jafnframt boðaðir á fund fjárlaganefndar þar sem þeim gafst kostur á að kynna betur umsögn sína. Sagði formaður að viðmót hafi vertið allt annað nú en áður og taldi að nýafstaðið málþing LEB hafi opnað augu margra nefndarmanna fyrir áherslum LEB, sem sýnir sér í því að einstaka nefndarmenn hafi vitnað til málþingsins sem og meiri áhuga á málflutningi fulltrúa LEB, enda hafi fundur með fjárlaganefnd staðið lengur en venja hefur verið síðustu ár, eða í tæplega klukkustund.



LEB

Landssamband eldri borgara

Helgi formaður átti fund á dögnum með Finnbirni Hermannssyni forseta ASÍ (sem hafði verið þátttakandi á málþingi LEB í október). Finnbjörn lagði til að kallaður yrði saman hópur eldri forsvarsmanna verkalyðshreyfingarinnar sem yrði bakland fyrir samninganefndir í komandi kjaraviðræðum.

Á fundi Starfsgreinasambandsins var samþykkt einróma ályktun um stuðning við kjarabaráttu eldra fólks sem komið er á eftirlaun. Hefur Helgi formaður sent formlegt þakkarbréf til SGS vegna ályktunarinnar.

4. Samstarf LEB við U3A – Háskóla 3ja æviskeiðsins

LEB hefur gert samning við U3A um að fá aðgang að upptökum á fyrirlestrum U3A fyrir aðildarfélög sín utan höfuðborgarsvæðisins. Fyrirlestrarnir eru haldnir einu sinni í viku, á þriðjudagseftirmiðdögum, í átta mánuði á ári (janúar – maí / september – nóvember). Aðildarfélögin verða kvött til að koma á vikulegum hlustunarstundum í sínum húsakynnum og kynna vel fyrir félagsmönnum sínum. Upptökurnar eru eingöngu ætlaðar til nota á vettvangi hver félags og óheimilt er að dreifa þeim. Fyrir afnot að fyrirlestrum ársins 2024 greiðir LEB kr. 800.000. Samningurinn gildir til eins árs og er uppsegjanlegur af beggja hálfu með 3ja mánuða fyrirvara. *Var gerður góður rómur að þessu af hálfu stjórnarmanna LEB.*

5. Önnur mál

Rædd voru starfsmannamál, þar sem núverandi skrifstofustjóri mun láta af störfum snemma á næsta ári. Voru ýmsir möguleikar ræddir, en þó ekki tekin nein bindandi ákvörðun um starfsmannahald.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 10.32

Fundargerð ritaði Viðar Eggertsson

Fundargerð samþykkt á stjórnarfundi 18. desember 2023


Helgi Pétursson formaður LEB